

Mætt eru: Anna Jóna, Guðbjörg, Jón Gunnar, Sara Eik og Inga Rósa. Sigrún Heiða boðaði forföll.

Fundarefni eru tvö, að skipa í embætti og búa til starfsreglur foreldraráðsins.

1. Skipað í embætti. Guðbjörg er kosin formaður og Inga Rósa ritari.

2. Starfsreglur foreldraráðsins eru settar og eru eftirfarandi:

1. Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn þ.e. frá 1. október til og með 30. september ár hvert og fundar tvisvar sinnum á önn eða eftir þörfum.
2. Fulltrúar í ráðinu og starfsreglur þess skulu kynntar á heimasíðu leikskólans. Á fyrsta fundi skulu formaður og ritari vera skipaðir. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans og ráðið fjallar um. Ráðið skal rita fundargerð og sjá til þess að fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu skólans.
3. Leitast skal við að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir þó aðrir hafi hætt til að tryggja samfellu í starfi ráðsins.
4. Í upphafi hvers skólaárs óskar leikskólastjóri eftir nýjum framboðum. Skal það gert með auglýsingum í leikskólanum og á heimasíðu skólans.
5. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra og skal vera tengiliður við aðra foreldra. Foreldraráð skal beita sér fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum í samskiptum við foreldra, leikskólastjóra og bæjaryfirvöld.
6. Á fundi foreldraráðs við lok starfstímabilsins gerir formaður þess nýjum meðlimum ráðsins grein fyrir starfi þess.
7. Helstu verkefni: Ráðið skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun vetrarins með leikskólastjóra. Bera skal skóladagatal saman við skóladagatöl grunnskólanna m.t.t. skörunar við starfsdaga og aðra frídaga. Ráðið skal einnig fjalla um ábendingar frá foreldrum, sumarlokanir leikskólanna og aðrar stórar ákvarðanir sem hafa áhrif á starf skólans.
8. Leikskólastjóri skal upplýsa foreldraráð um öll meiriháttar mál sem hafa áhrif á starfsemi leikskólans og gefa þeim þannig kost á að fjalla um þau.
9. Komi upp tilvik sem foreldraráð telur að þarfnist umræðu með öllum foreldrum leikskólabarnanna skal ráðið boða til fundar með foreldrum þar sem málin skulu rædd og lýðræðislegar ákvarðanir teknar. Foreldraráð fylgir þeim ákvörðunum síðan eftir.
10. Fulltrúar í foreldraráði skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeim er trúað fyrir vegna setu þeirra í foreldraráði.
11. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar í lok hvers skólaárs. Til stuðnings og nánari útfærslu starfsreglna þessara er vísað í 11. grein laga um leikskóla

3. Rætt um matinn. Eyður og Jón Dan sjá ekki lengur um matinn heldur hefur Kaffi krókur tekið við aftur.

4. Sú hugmynd kom fram að auglýst verði eftir fulltrúum í foreldrafélagið á fb síðu skólans. Anna Jóna kemur þessari tillögu til Sólveigar aðstoðarskólastjóra sem er tengiliður foreldrafélagsins. Umsóknum yrði svo beint til formanns foreldrafélagsins á hverjum tíma til að auka ekki á vinnu aðstoðarskólastjóra.

5. Umræður um sumarið 2017.

6. Rætt um lausagang bifreiða á bílastæðinu. Hugsanlega væri hægt að búa til litlar auglýsingar til að setja í glugga á deildunum eða á útidyr með tilmælum til fólks um að drepa á bílunum. Einnig var rætt hvort árangursríkara væri að tala beint við þá foreldra sem skilja bíla sína eftir í gangi.

7. Rætt um hvort gerð verði úttekt á leikskólahúsnæði yngra stigs með tilliti til þess hvort komist hafi verið fyrir mygluna sem var þar.

8. Anna Jóna mun senda foreldraráði skólanámsskrána til yfirlstrar og getur ráðið gert athugasemdir áður en námsskráin verður lögð fyrir starfsmannafund sem verður 26. janúar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.